

**Ed.**

**821. Nefndarálit**

[60. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963, sbr. l. nr. 24 20. maí 1969.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og fengið frá vegamálastjóra ýtarlega greinargerð um efni þess, er fylgir nefndaráliti þessu. Með tilvísun til greinargerðarinnar leggur nefndin til, að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 2. apríl 1971.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Jón Árnason, fundaskr.	Karl Guðjónsson.
Steinþór Gestsson.	Ásgeir Bjarnason. Jónas G. Rafnar.	Páll Þorsteinsson.

**Fylgiskjal.**

**VEGAGERÐ RÍKISINS**

Samgöngumálanefnd efri deildar Alþingis,  
Alþingi.

2. apríl 1971.

Samgöngumálanefnd efri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 17. nóv. s.l., óskað umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á vegalögum nr. 23/1970 á þingskjali 62.

Um 1. gr. Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir, að a-liður 19. gr. vegalaga orðist svo: „Vegir að öllum býlum, sem eru yfir 200 m langir frá þjóðvegi.“ Jafnframt er lagt til, að síðasta málsgrein 19. gr. vegalaga falli niður, en þar segir: „Í tölu sýsluvega samkvæmt a-lið þessarar greinar má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, og skal slíkur vegur aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.“

Í greinargerð með frumvarpinu er á það bent, að með breytingu á vegalögum nr. 24, 20. maí 1969 hafi sýsluvegir verið lengdir verulega, þar sem þá voru felldir úr tölu þjóðvega vegir að kirkjustöðum, félagsheimilum, opinberum skólum, heilsu- hælum og orkuverum, og skyldu þessir vegir teljast til sýsluvega í stað landsbrauta áður.

Meginröksemdin fyrir breytingunni er þó talin sú, að samkvæmt gildandi ákvæðum vegalaga skapist nokkurt misræmi milli einstakra býla vegna 200 m reglunnar. Þannig verði aðili, sem býr við 399 m langan veg, að kosta hann að öllu sjálfur, en sá, sem býr við 400 m langan veg, þurfi aðeins að kosta 200 m af veginum. Þetta er út af fyrir sig rétt, en svipað misræmi skapast jafnvel einnig með þeirri breytingu, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Samkvæmt því mundi sá, sem býr við 199 m langan veg frá þjóðvegi, verða að borga hann að fullu sem einkaveg, en sá, sem býr við 201 m langan veg frá þjóðvegi, fengi hann allan tekinn í sýsluvegatölu.

200 m reglan mun á sínum tíma hafa verið sett í lög að nokkru leyti samkvæmt gamalli hefð. Einnig hefur verið haft í huga, að ef vegur skal ná alveg að býli, geta skapast ýmis vandkvæði við að skilgreina, hvar vegurinn raunverulega endi, og spurningar um bílastæði á hlaði kæmu þá einnig fljótt til álita.

Í framkvæmd hefur raunar skapast meira vandkvæði af 200 m reglunni við það, að á 200 m næst bæjum eru iðulega lækir, sem brúa þarf, og fellur þá allur eða hálfur kostnaður á landeiganda eftir því, hvort um ræsi eða brú er að ræða.

Það mun vafalaust ekki hafa verið tilgangur með setningu 200 m reglunnar á sínum tíma, að verulegur fjárhagslegur baggi yrði lagður á einstaka býli af þessum sökum. Með þeirri breytingu, sem lagt er til í frumvarpinu, mundi misrétti af þessum ástæðum ekki fást leiðrétt, en ég tel, að það sé fullkomið réttlætismál, að svo verði gert.

Með hliðsjón af því, að búið er að taka í sýsluvegatölu vegi að félagsheimilum, kirkjum og skólum, án þess að 200 m reglunni hafi verið breytt, þá væri vel athugandi að gera hliðstæða breytingu gagnvart einstökum býlum, en þó þannig, að einhver tiltekinn metrafjöldi næst býlum yrði í tölu einkavega, svo að ekki skapist vandkvæði við framkvæmdina vegna bílastæða á hlaði o. þ. h.

Unnið hefur verið að því undanfarin ár að afla tæmandi upplýsinga um ástand og lengd sýsluvega og þá lengd einstakra heimreiða jafnframt. Er stefnt að því, að þeirri heildarathugun verði lokið á yfirstandandi ári. Ætti því í sambandi við gerð vegáætlunar fyrir árin 1972—1975 að vera hægt að leggja fram tæmandi yfirlit um sýsluvegi og byggja tillögur um breytingu á lögunum á því, þannig að sem fyllstur jöfnuður náist. Sæist þá einnig, hve mikið sýsluvegir lengjast í heild, ef 200 m reglunni verður sleppt að mestu leyti.

Um 2. gr. Samkvæmt a- og b-lið þessarar greinar er gert ráð fyrir því, að sýslu- nefnd geti ákveðið að innheimta gjald í sýsluvegasjóð miðað við andvirði fjögurra dagvinnustunda fyrir hvern íbúa í stað þriggja dagvinnustunda, sem ákveðið er samkv. 21. gr. vegalaga.

Í greinargerð er þetta rökstutt með því, að slík hækkun gæti greitt fyrir vega- gerð sýsluveganna, því að móttframlag vegasjóðs samkv. 28. gr. vegalaga skuli ekki vera minna en tvöfalt á við tekjur þær, sem tiltækar eru heima fyrir, á meðan vegir eru ekki fullgerðir. Hér mun um, nokkurn misskilning að ræða, þar sem 28. gr. vegalaga kveður svo á, að: „af tekjum vegamála skv. XIV. kafla laga þessara skal árlega veita til sýsluvega upphæð, sem sé eigi lægri en tvöföld heildarupphæð innheimtra sýsluvegasjóðsgjalda um allt land næsta ár á undan því ári, er fjárlög eru samin.

Vegamálastjóri annast skiptingu á framlagi ríkissjóðs skv. 1. mgr. eftir reglu- gerð, sem ráðherra setur. Skal framlag til sýslu aldrei vera lægra en helmingur þess, er hún lagði til sýsluvegasjóðs það ár, sem ríkisframlagið miðast við.“

Reglugerð um skiptingu framlags rikissjóðs til sýsluvega var gefin út 17. apríl 1964 og er nr. 62/1964. Samkv. þeirri reglugerð er við skiptingu á ríkisframlaginu miðað við lengd óakfærra, ruddra og lagðra sýsluvega, svo og íbúafjölda sýslunnar, en sýslan fær ekki sjálfkrafa tvöfalt framlag á móti því, sem hún innheimtir heima fyrir í sýsluvegasjóð. Hve mikið einstakar sýslur fengju á móti andvirði fjórðu klukkustundarinnar samkv. 21. gr., fer algjörlega eftir því, í hvaða ástandi sýsluvegir í viðkomandi sýslu eru og hvort hún er fámenn eða fjölmenn. Ávinningur einstakra sýslufélaga við að nota hið nýja heimildarákvæði gæti því í mörgum tilfellum orðið mun minni en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Með tilliti til þess, er að framan greinir, get ég ekki mælt með því, að ofangreint frumvarp verði samþykkt eins og það nú liggur fyrir, en tel eðlilegt, að það verði tekið til nánari athugunar, þegar væntanleg heildarathugun á lengd og ástandi sýsluvega liggur fyrir í sambandi við samningu nýrrar vegáætlunar fyrir árin 1972—1975.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jóhannsson,  
vegamálastjóri.